

Byggðamálaráð

Fundargerð 21. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn á TEAMS 6. október 2022 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Áherslubréf ráðherra
2. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2022-2023
3. Byggðaaætlun – aðgerðaáætlun 2022-2026
4. Önnur mál

Mættir: Guðveig Lind Eyglóardóttir formaður, Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Auk þeirra sat Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri fundinn. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áherslubréf ráðherra

Ráðið hafði fengið send drög að áherslum ráðherra fyrir málaflokka ráðuneytisins, þ.e. áætlana og stefna á sviði byggða-, húsnæðis-, samgöngu-, skipulags- og sveitarstjórnamála. Umræður. Meðal annars var rætt um tvær aðgerðir sem settar eru fram í ríkisstjórnarsáttmálanum, undir byggðakaflanum og tilgreindar eru í áherslubréfinu. Annars vegar að unnið verði að eflingu sóknaráætlana landshlutanna, en þar voru viðraðar áhyggjur af því að í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir lækkun framlaga til sóknaráætlana. Hins vegar var rætt um að beita þarf hagrænum hvötum í byggðapróun, m.a. í gegnum Menntasjóð námsmanna. Báðar þessar aðgerðir eru í takt við byggðaaætlun, bæði hvað varðar áherslur og aðgerðir. Arnar greindi frá því að í samtölum sínum við fulltrúa European Investment Fund um aðildaviðræður að nýju ábyrgðakerfi Invest EU fyrir lánveitingar Byggðastofnunar hafi komið í ljós möguleiki á ábyrgðum vegna námslána jafnframt. Arnar hefur sett sig í samband við ráðuneyti háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar um tækifærin sem í þessu kunna að felast fyrir Menntasjóð námsmanna og þá sér í lagi með tilliti til 27. gr. laga nr. 60/2020 um sjóðinn er varðar sérstakar ívilnanir námsgreina.

2. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2022-2023

Ráðið hafði fengið send drög að starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árin 2022-2023. Þar eru m.a. sett fram tillaga að áætluðum fundum og viðburðum, sem og hvaða afurðum ráðið hyggst skila á tímabilinu. Ráðsmenn gerðu ekki athugasemdir við drögin. Guðveigu og Hólmfríði falið að vinna þau áfram og senda ráðinu til staðfestingar.

3. Byggðaaætlun – aðgerðaáætlun 2022-2026

Byggðaaætlun felur í sér 44 aðgerðir sem spanna tímabilið 2022-2026. Unnið er því að hrinda aðgerðum í framkvæmd. Upplýst var sérstaklega um stöðu fjögurra aðgerða, þ.e. A.1 Háhraðanettengingar, A.8 Stjórnsýslustöðvar ríkisins í héraði, A.9 Verslun í dreifbýli og C.4 Borgarstefna.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður í byrjun desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.45.